

## Niðurstöður þjónustumats á haustönn 2014

<b>Titill:</b>	Þjónustukönnun haust 2014
<b>Þátttakendur:</b>	953
<b>Könnun skráð:</b>	mán 20.okt 2014
<b>Þátttakendur sem hafa klárað:</b>	284
<b>Könnun lýkur (dd/mm/yyyy):</b>	sun 9.nóv 2014
<b>Svarhlutfall:</b>	29%

Þjónustukönnunin fór fram á vefrænu formi 20.október.-9.nóvember í gegnum kennslumatsvef SPLIST með krækju á heimasíðu skólans. 973 nemendur voru skráðir í skólann 20. október og voru 20 nemendur ekki með tölvunetfang. 15 tölvunetföng reyndust vera röng skráð og tóku því 938 nemendur þátt í könnuninni.

Alls bárust 284 svör og er því heildarsvörun 30,3%.

Nemendur fengu tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri í nokkrum opnum spurningum. Flest voru svör varðandi mótuneyti skólans (82) og næst flest svör bárust við samgöngumál (46). Svörum var flokkað og þau svör tekin út sem annað hvort voru innihaldslaus (eins og „Nei“) eða of persónuleg og ærumeiðandi.

Niðurstöður þjónustumatsins verða notaðar til að bæta þjónustu skólans og mun skólinn setur sér viðeigandi markmið í aðgerðaráætlun sinni fyrir skólaárið 2014/2015.


Niðurstöður matsins eru aðgengilegar á heimasíðu skólans undir Skólinn – Sjálfsmat.

### Stjórnendur

Könnun á samskiptum nemenda við stjórnendur


#### Auðvelt er að ná fundi skólameistara

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
36 (13%)	78 (28%)	12 (4%)	1 (0%)	152 (54%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




#### Ég er ánægð/ur með samskipti skólameistara við nemendur

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
57 (21%)	117 (42%)	12 (4%)	2 (1%)	90 (32%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




**Auðvelt er að ná fundi aðstoðarskólameistara**

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
38 (14%)	83 (30%)	12 (4%)	2 (1%)	143 (51%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




**Ég er ánægð/ur með samskipti aðstoðarskólameistara við nemendur**

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
41 (15%)	99 (35%)	14 (5%)	8 (3%)	119 (42%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




**Auðvelt er að ná fundi áfangastjóra**

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
86 (31%)	103 (37%)	12 (4%)	3 (1%)	74 (27%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



**Ég er ánægð/ur með samskipti áfangastjóra við nemendur**

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
89 (32%)	107 (39%)	10 (4%)	3 (1%)	67 (24%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




### Náms- og starfsráðgjafar

Könnun á samskiptum nemenda við náms- og starfsráðgjafa


#### Náms- og starfsráðgjafar hafa kynnt starf sitt nógu vel

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	veit ekki
63 (23%)	122 (44%)	27 (10%)	5 (2%)	58 (21%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




#### Veistu hvar náms- og starfsráðgjafar eru staðsettir í skólanum?

já	nei
243 (86%)	39 (14%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



**Hefur þú leitað til náms- og starfsráðgjafa?**


já	nei
182 (65%)	97 (35%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



já  
 nei

**Fékkstu úrlausn þinna mála?**


já	nei	á ekki við
145 (51%)	23 (8%)	114 (40%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



já  
 nei  
 á ekki við


**Ég er ánægð/ur með þá þjónustu sem ég hef fengið hjá náms- og starfsráðgjafa**

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
86 (31%)	83 (30%)	20 (7%)	3 (1%)	83 (30%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



**Ég er ánægð/ur með samskipti mín við náms- og starfsráðgjafa**

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
83 (30%)	94 (34%)	10 (4%)	3 (1%)	88 (32%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



## Annað sem þú vilt koma á framfæri við náms- og starfsráðgjöf?

24 nemendur skráðu athugasemd.

- **Ánægðir með þjónustu námsráðgjafa**
  - Ánægð með þjónustu námsráðgjafa
  - Ég hef einu sinni þurft á aðstoð námsráðgjafa og hún var mjög hjálpleg og gagnleg. Vann strax úr vandamáli mínu og hjálpaði mér mikið.
  - Ég hef góða reynslu á námsráðgjöfum skólans og hef leitað til þeirra þriggja. En alltaf hef ég fengið hjálp þegar ég hef leitað til þeirra eða svör og myndi mæla hiklaust með þeim ef að nemendur eru í einhverjum vanda með hvað sem er.
  - Er mjög ánægð.
  - Frábær samskipti og alltaf einhver laus til að tala við
  - Hafa aðstoðað mig helling og aðstaðan eða það hve auðvelt er bara að mæta til að tala við þær þegar manni henntar er alveg yndislegt
  - Hef átt rosalega góð samskipti við námsráðgjafa sem hefur hjálpað mér mikið, fagleg, góð og persónuleg aðstoð.
  - Nei, þau eru bara mjög dásamleg
- **Óánægðir? Hvað mætti laga?**
  - Mættu koma sér meira á framfæri við nemendur sem eru t.d með lélega mætingu
  - Sú sem ég talaði við hefði mátt fylgja mínu máli aðeins betur eftir.
  - Tobaksviðvararnir eru hreint kjaftæði og það er ekkert að hjalpa að hóta brottrekstri
  - Það er erfitt að fá tíma hjá þeim.
  - Það mætti bæta við sálfræðingi eða að náms- og starfsráðgjafar geti ráðið við stærri vandamál, eins og almennan kvíða sem er mjög algengur innan skólans.
  - Þegar nemendur hafa bókaðan viðtalstíma hafa námsráðgjafar stundum beðið þá um að koma aftur eftir 10 mín en eru þá horfnar, kannski í kaffi eða sinna öðru.
- **Annað**
  - Stjórn skólans mætti vera miklu liðlegri! Það er út í hött að þau sem eiga börn eða slíkt komast upp með ótrúlegustu hluti en ef maður hefur staðið sig 100% og virkilega þarf á því að halda að skólinn komi aðeins til móts við mann þá er enginn séns á því. Stjórnin mætti skoða hvert mál fyrir sig í stað þess að skella nánast hurðinni á mann. Skólinn er æðislegur í heild sinni og kennararnir yndislegir en stjórnin er búin að sanna að hér er unnið eftir reglum sem verða aldrei beygðar. Þar af leiðandi myndi eg ekki mæla með þessum skóla.
  - Það vantar aðstæður eða félagráðgjöf eða eitthvað sambærilegt fyrir þá sem eru einmanna og félagsfælnir o.s.frv. Andleg og sálræn vellíða er grundvallatriði fyrir velgengni í skólanum. Skólinn er fullur af ólíkum persónuleikum og trúi því að það eiga margir eitthvað sameiginlegt, en þeim gefst aldrei tækifæri til hittast eða kynast.




### Skrifstofan

Könnun á samskiptum nemenda við skrifstofu skólans

#### Ég er ánægð/ur með viðmót starfsfólks á skrifstofu

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála á ekki við


176 (63%) 84 (30%) 7 (3%) 4 (1%) 8 (3%)



#### Ég er ánægð/ur með þjónustu skrifstofu

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála á ekki við


178 (63%) 80 (28%) 6 (2%) 6 (2%) 11 (4%)



**Ég fæ rými og næði til að koma erindum mínum á framfæri á skrifstofu**

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála á ekki við

120 (43%) 107 (38%) 23 (8%) 4 (1%) 24 (9%)



## Er eitthvað sem betur mætti fara á skrifstofu?

Alls bárust 27 athugasemdir.


- **Ánægðir með þjónustu skrifstofu**
  - Alltaf hressar og skemmtilegar
  - Brosa og veita betri þjónustulund :)
  - Flottir frontar í skólanum
  - Nei þær eru bara algjört yndi
  - Nei, þær standa sig vel þessar elskur :)
  - Þær eru frábærar!
  - Þær eru yndislegar, ekkert þarf að bæta.
- **Óánægðir? Hvað mætti laga?**
  - Ekki svara í síman með stælum
  - Finnst þjónustulyndin ekki góð, hálf ruddaleg, hegðunin eins og maður sé ekki velkominn og eigi helst til að flýta sér með erindi sitt, vil helst ekki spyrja nema ég virkilega þurfi
  - Í raun ekki, en kannski mætti reyna að bjóða upp á fleiri úrlausnir, þ.e. að skrifstofa fái stærra svið stjórnunar.
  - Já, þetta á ekki við um starfsmenn skrifstofunnar heldur reglurnar sem þeir fylgja: Finnst að það ætti að vera í lagi að lána nemandan fyrir lítilli inneign í prentarann þegar hún klárast til næsta dags. Þið hafið allar upplýsingar um okkur sem hægt er að biðja um og því er ólíklegt að við borgum ekki. Þetta er ekki eitthvað ókunnugt fyrirtæki heldur skólinn sem viðkomandi gengur í - einnig erum við nemendur ekki alltaf að prenta af eigin vilja heldur vegna þess að kennrarar vilja sumir bara fá skýrslur og ritgerðir útprentaðar og það eiga ekki allir fyrir inneign hér og nú og það eiga ekki allir heldur fyrir prentara. Ég átti fyrir inneign en mátti ekki fá að leggja inn á skólann fyrir henni því það var enginn reikningur til þess að það næði beint inn á skrifstofu. Það mætti a.m.k. laga það - koma inn reikningi sem nær beint inn á skrifstofu fyrir inneign í prentara t.d. og fleira.
  - ... mætti vera kurteisari
  - Það er ekkert næði á skrifstofunni...
  - Það er oft sem maður fær ekki svör við spurningum vegna þess að þær vita ekki svarið
  - Þolinmæði
  - Þær eru voðalega mikið að drífa sig eitthvað. Þannig mættu vera rólegri:)
  - Þær mættu kunna nafnið mitt
  - Þær mættu vera glaðari
- **Annað**
  - Þetta 3 daga veikinda dæmi er rugl!

### Fjármáladeild

Könnun á samskiptum nemenda við fjármáladeild skólans


#### Veistu hvar fjármálastjóri er staðsettur í skólanum?

já            nei  
74 (26%) 206 (74%)  
           




#### Hefur þú þurft að leita til fjármálastjóra?

já            nei  
43 (15%) 236 (85%)  
           



### Fékkstu úrlausn þinna mála?

já      nei      á ekki við  
40 (14%) 6 (2%) 233 (84%)  
           




### Bókasafn

Könnun á samskiptum nemenda við bókasafnið


### Finnst þér þú fá nægilega kennslu í að nota bókasafn skólans?

já      nei      á ekki við  
122 (44%) 62 (22%) 95 (34%)  
           




**Færðu aðstoð hjá starfsfólki bókasafnsins þegar þú leitar eftir henni?**

of mikla nægilega of litla á ekki við  
11 (4%) 150 (54%) 11 (4%) 107 (38%)



**Vinnuaðstaða nemenda á bókasafninu er góð**


mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála á ekki við  
68 (24%) 125 (45%) 30 (11%) 6 (2%) 49 (18%)



**Hvað finnst þér um afgreiðslutíma bókasafnins?**

hæfilegur of stuttur of langur á ekki við

145 (52%) 41 (15%) 4 (1%) 89 (32%)




■ hæfilegur  
■ of stuttur  
■ of langur  
■ á ekki við

**Ég er ánægð/ur með viðmót starfsfólks á bókasafni skólans**

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála á ekki við

86 (31%) 94 (34%) 12 (4%) 11 (4%) 74 (27%)



■ mjög sammála  
■ sammála  
■ ósammála  
■ mjög ósammála  
■ á ekki við

## Annað sem þú vilt koma á framfæri við bókasafnið?

Alls bárust 32 svör.

- **Aðstaða**
  - Að mínu mati er algjört lykilatriði að koma upp tölvuþjónustu á bókasafninu.
  - Stundum fær maður ekki sæti, sérstaklega í hádegishléinu.
  - Ekki er hægt að fá bækur lánaðar í tíma nema skilja eftir greiðslukort eða gsm síma. Þessa fjármuni skil ég ekki eftir þar sem eftirlit með þeim er ekki 100%. Einnig eru margir sem koma ekki með veski eða síma í skólann og þá geta þeir ekki fengið bók lánaða af bókasafninu. Til er gott ráð til að bæta þetta það heitir bókasafnskort og er notað á bókasöfnum alls staðar á landinu.
  - Gæti verið fleira pláss að sitja að læra, en við höfum núna féngið lesstofur sem er frábært! Opnunartíminn á föstudaga mætti vera lengri.
  - Mætti hafa meira pláss
  - Mætti vera fleiri einstaklings sæti
  - Mætti vera með betri stóla, þeir eru óþægilegir :(
  - Of lítið sætapláss
  - Of mikið af nemendum sem eru að taka borðpláss til að sofa
  - Of mikill hávaði í viftum í loftinu, (truflar einbeitingu), oft of mikill skvaldur í nemendum (truflar einbeitingu), vantar stað þar sem nemendur geta setið og spjallað saman um lærdóminn.
  - Stólar mættu vera betri
  - Stólarnir mættu vera þægilegri.
  - Stundum er ekkert laust pláss á bókasafninu, t.d. þegar allir eru í hléi á venjulegum skólatíma og þegar vor- eða jólaþróf nálgast.
  - Vantar fleiri borð, fljótt að fyllast
  - Yndislegar konur þar.. gott að vera þar i götum, einnig eru dagsljósalampanir æðislegir. Lítið pláss og of oft fullt að mínu mati.
  - Þar er yfirleitt aldrei laust pláss nema bara á morgnana og seint á daginn
  - Þyrfti fleiri borð og stóla
  - Vantar fleiri borð sem eru króuð af, til að læra við inn á bókasafni. Mér finnst hlýlegra þar heldur enn inn í lesverinu. Mætti bara minnka hávaðann í viftunum.
- **Bækur og tímarit**
  - Hafa fleiri bækur
  - Mættu vera meiri bækur :P
  - Væri fínt ef hægt væri að taka bækur að láni til lengri tíma
  - Það mætti vera með fleiri nýjar bækur, tímarit og hefti og starfsfólk á bókasafni skólans mætti vera kannski aðeins virkara í samskiptum við nemendur.
- **Annað**
  - Enginn kennari hefur okkurn tíman minnst á bókasafnið nema sögukennarinn minn, varðandi mynd sem hann sýndi okkur sem var víst ekki til á bókasafninu.




### Þjónustuver - tölvuver

Könnun á samskiptum nemenda við þjónustuver (tölvuver)


**Hefur þú nýtt þér einhverja af eftirtalinni þjónustu í þjónustuveri/tölvuveri? Merktu við fleiri en einn valkost ef það á við.**

Prentun	184 (30%)
Aðstöðu í tölvustofum, utan kennslustunda	64 (10%)
Tölvuaðstöðu á göngum í norður- og austurálmu	136 (22%)
Tengt tölvu/snjallsíma/spjaldtölvu við þráðlausa net skólans	195 (32%)
Ekkert að ofantöldu á við	31 (5%)




### Aðstaðan í tölvuverinu er góð

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
29 (10%)	119 (43%)	35 (13%)	16 (6%)	78 (28%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




### Hefur þú fengið úrlausn þinna mála í þjónustuverinu?

alltaf	oft	sjaldan	aldrei	á ekki við
44 (16%)	31 (11%)	19 (7%)	5 (2%)	180 (65%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




**Hvað finnst þér um opnunartíma/afgreiðslutíma þjónustuversins?**

of stuttur of hæfilegur of langur á ekki við  
10 (4%) 96 (35%) 1 (0%) 170 (61%)



**Ég er ánægð/ur með viðmót starfsfólks í þjónustuveri**

mjög sammála sammála ósammála mjög ósammála á ekki við  
41 (15%) 64 (23%) 8 (3%) 1 (0%) 161 (59%)



## Er eitthvað sem betur mætti fara í þjónustuverinu?

Alls bárust 22 svör við þessa spurningu og 11 svör við spurninguna um annað sem nemandi vildi koma á framfæri við þjónustuverið.


- **Tölvubúnaður**
  - Fá hraðvirkari tölvur! Þessar eru frá fornöld
  - Fleiri tölvur! Svo allir geti notið þær, ekki bara þeir sem eru í tímum
  - Hraðara net og þurfa ekki að slá inn lykilorð í hvert sinn sem farið er á netið
  - Hægar tölvur og ljósritun hæg
  - Mér finnst tengjast á net í gegnum tölvu eða síma er slakur.
  - Tölvur eru of hægar og tölvukerfið er glatað. Get sjaldan prentað út því forritin vilja ekki taka við doc-inu
  - Sleppa að hafa Windows 8, hafa Windows 7 frekar í tölvunum sem eru frammi. Ég kann ekkert á það, það er erfitt að finna hlutina sem maður er að leita af.
  - Vantar fleiri tölvur til að vinna í, væri gott að geta verið inn í stofu, þar sem umgangur annarra nemenda trufla stundum eða eiga kost á að geta fengið lánaða fartölvu til að vinna í.
- **Þjónusta**
  - Hef aldrei fengið aðstoð í þjónustuverinu. Lendi ávallt í veseni ef ég þarf aðstoð við að prenta.
  - Maður vill stundum ekki missa af tíma og ætlar að koma í hádegishléinu en þá eru þau oft ekki við.
  - Mætti kynna það betur, ég vissi ekki að það væri til
  - Hvað er þjónustuver?
  - Stundum erfitt að ná samband við þá sem vinna þar. Uppteknir við sínu.
- **Annað**
  - Ef þjónustuverið á að vera tölvuverið þá er mjög heimskulegt að hafa vifturnar fyrir neðan ljósið því að þar af leiðandi myndast eitthvað blikk sem er mjög truflandi og óþægilegt en enginn möguleiki að hafa ekki kveikt á viftum því annars er ólíft í stofu vegna hita
  - Mér finnst oft óþægilegt hvað fólk sem nýtir sér tölvurnar á ganginum sé ekki að spá í því að margir eru að vinna í námi á tölvunum, og sitja kannski við hliðina á manni blaðrandi í símann. Það mætti benda á að gott væri að hafa svipaða umgengni þarna eins og á bókasafni, þar sem nemendur vilja reyna að halda góðri einbeitingu.
  - Stundum virkar ekki að gera fa.is í spjaldtölvu eða þá í borðtölvu. Líka í sambandi við netið í skólanum það er mjög asnarlegt að þurfa skrá sig hvert einasta sinn þegar maður ætlar að nota netið.

### Heimasíða skólans

Spurningar um þjónustusíðu


#### Hefur þú leitað að upplýsingum um þjónustu á heimasíðu skólans?

já            nei  
250 (91%) 25 (9%)  
           



#### Heimasíða skólans er aðgengileg og vel skipulögð

mjög sammála    sammála    ósammála    mjög ósammála    á ekki við  
81 (29%)        165 (60%)    16 (6%)        8 (3%)            6 (2%)  
                                               



## Hvaða valkosti/upplýsingar vantar á heimasíðu?

Alls bárust 24 svör.


- **Skipulag**
  - Hálf ruglingslegt fyrirkomulag fyrir óvana.
  - Ég hef ekki fundið reglur um t.d. hversu mörg próf má leggja á nemanda á dag.
  - Tekur alltof langan tíma að finna hluti, litið bara á tenglastikuna sem kemur til vinstri þegar maður smellir á aðalflokkana uppi. Þetta kallar maður ekki aðgengilegt og skipulagt.
  - Upplýsingar um áfanga og hvernig á að vera í bandi við kennara og fleira.
  - Var í veseni með að finna hvenær námsmatsdagar voru í hverju fagi
  - Það eru engar upplýsingar um að biðlisti geti verið á tanntæknabraut að komast inní verknámið. Maður gæti þurft að bíða 1 ár til að halda áfram til að ljúka námi, það hefði verið gott að vita áður en maður skráir sig í nám því þetta hefur áhrif á framtíðarplön
  - Vantar dagsetningar fyrir fjallgöngur þessa önn. Og vitlaust matarplan.
  - Kannski vantar aðallega að kenna nemendum að leita a heimasíðu skólans
  - Það eru nokkrir valkostir t.d í fjarnámi sem má ekki opna.
- **Hrós og kvartanir**
  - Það vantar möguleika fyrir nemendur og foreldra að koma ábendingum um hrós, kvartanir og annað til skólans.
- **Veikindi**
  - Að sjá glærurnar sem rúlla daglega, með veikindum og alls kyns tilkynningum
  - Hvaða kennarar eru veikir
  - Tilkynningar um veikindi kennara :)
- **Inna - Moodle**
  - Láta sjá allt sem við þurfum að gera í öllum fögum í Innu
  - Mætti sameina Innu og Moodle. Það er fáránlegt að vera með þetta á fleiri en einum stað, sumir kennarar setja inn einkunnir og skilaboð á Innu og sumir á Moodle og það er erfitt að halda í við þetta.
  - Þegar maður vill opna moodle eða innu í gegnum skólavefinn er óþolandi að maður er ekki sendur inná innu eða moodle strax, heldur opnar síðan upp aðra síðu sem síðan opnar þriðju síðuna til þess eins að opna moodle eða innu.
  - Það þarf stundum að fara of langar leiðir til að finna linka til að smella á. T.d. til að finna Moodle þarf að fara i gegnum þrjár síður áður en hægt er að skrá sig.
  - Stundum erfitt að finna hluti, en það tekst yfirleitt á endaum. Stuttleið inn á moodle mætti vera á forsíðu heimasíðu skólans.
  - Mér finnst að þið ættuð að skylda kennara til að setja heimanám inn á INNU, námsefni inn á Moodle.
- **Annað**
  - Myndir - fleirri myndir og eitthvað sem er á döfinni - bío what not...

### Mötuneyti

Spurningar um mötuneyti skólans


#### Hefur þú borðað hádegismat í mötuneyti skólans?

já	nei
163 (59%)	115 (41%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




#### Ég er ánægð/ur með framboð í hádegismat

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
20 (7%)	86 (31%)	44 (16%)	40 (14%)	86 (31%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>




**Hefur þú keypt annað en hádegismat í mötuneyti skólans?**

já	nei
225 (81%)	52 (19%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



**Ég er ánægð/ur með úrvalið í mötuneyti skólans**


mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
26 (9%)	98 (35%)	73 (26%)	32 (12%)	48 (17%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>






**Ég er ánægð/ur með afgreiðslutíma mötuneytis**

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
46 (17%)	130 (47%)	34 (12%)	10 (4%)	56 (20%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



**Ég er ánægð/ur með viðmót starfsfólks í mötuneytinu**

mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	á ekki við
63 (23%)	112 (40%)	31 (11%)	31 (11%)	41 (15%)
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



## Er eitthvað sem þér finnst betur mega fara í mótuneyti?

Alls bárust 82 athugasemdir frá nemendum og skráðu nokkrir nemendur fleiri en 1 athugasemd.

### • Úrval og gæði

- Að allt sé bakvið þær og maður getur ekki valið fyrr en það er komið að manni í röðinni er fátænlegt. Svo vantar miklu meira úrval af jógúrti og ávöxtum og samlokum. Taka MH sem fyrirmynd.
- Betra salatbar-meiri spínat og ávexti
- betri matur og fjölbreytnari
- Betri matur sem er eldaður á staðnum.
- Ekki nógu gott úrval, rosalega mikil sósa á samlokum og ekki nóg í boði fyrir þá sem ekki borða kjöt
- Fá á að vera heilsueflandi framhaldsskóli en býður ekki uppá neinn holla kost þegar kemur að mat, brauð sykur og gos einkenna þetta mótuneyti.
- fá meira úrval þangað og ekki svona dýrt verðin eru fátænleg!
- Fjölbreyttan og hollari mat. Og að hádegismaturinn lækki.
- Hamborgarar
- Meira af fiski, burt með hamborgara og pizzur. Mætti hafa fleiri súpu-daga.
- Meira gosúrval og flatbrauð með hangikjöti.
- Meira úrval af ódýrari matarkostum
- Meira úval, mætti vera odýrara.
- Meira úrval af grænmetisfæði, meiri ávextir
- Mætti vera meira af hollari mat
- Mætti vera meira af hollustudrykkjum s.s boost og heilsusúpum
- Selja gos með tappa og mountain dew
- Orkudrykki
- Einu sinni í mánuði grjónagrautur með rúsinum
- Úrvalið var mun betra á síðustu önn, vantar algjörlega að hafa salatbarinn.
- Það er ekkert í boði fyrir þá sem hafa mataróþol eins og var áður í mótuneytinu.
- Það er ekki boðið upp á hrært skyr heldur eingöngu sykrað.
- Þær ættu að elda meira venjulegan heimilsmat. Fínar í kjötbollum, fiskibollum, gúllasi og svoliðis mat. Mættu hafa kjötsúpu líka á boðstólnum.
- Ég er með óþol fyrir mjólk og glúten og bráðaofnæmi fyrir fetaost. Þekki ég einnig fólk sem er með óþol og ofnæmi fyrir fleiru og einnig grænmetissætur. Það er of einhæft og ekki nóg fyrir okkur hin sem geta ekki fengið almennilegan mat sem hentar okkur. T.d. er ekki hægt að kaupa laktósfria mjólk?? Hún er hollari og fer betur með magann. Hvað er þetta með að hafa kjöt í öllu? Og mikið af hveiti í boði. Að lifa á ávöxtum alla daga er ekki beint fyrir alla.
- Ég er vegan, og það helsta sem ég get keypt í mótuneyti eru smoothie drykkir og ávextir. Um daginn langaði mig að kaupa mér hádegis mat, og athugaði með sallatið, en þá var egg og fetaostur í því. :) Það væri geggjað ef það væri í boði réttur fyrir grænmetisætur til hliðar við hina hádegisréttina.

- **Of dýr matur**

- Alltof dýrt! Ef hægt er væri gott að lækka verðið aðeins :)
- Dýrt
- Finnst maturinn of dýr og mér finnst ömurlegt að geta ekki fengið mér hádegismat á föstudögum
- Fá annað fyrirtæki til að sjá um matinn. Hvorki maturinn né verðlagið er boðlegt. Mæli með að þið ath. verðlagið í öðrum framhaldsskólum.
- Meira framboð og of dýrt
- Hádegismaturinn er of dýr að mínu mati.
- Hafa ódýrari mat, allt of dýr
- Hætta með ISS og ráða alvöru kokk. Það var miklu betri matur þá og ódýrari! Ég man eftir því þegar 10 miðar kostuðu 3000 kr!
- Ja uuuu þetta er rán.....?
- Lækka verðið og fjölga úrval á ávöxtum og öðrum hollum mat.
- Mér finnst gosið vera heldur dýrt. 250 kr fyrir 0.33 l af gosi? Þetta er það sama og hálfur líter kostar í 10/11
- Mér finnst maturinn full dýr
- Mætti lækka verð! Sumt er miklu dýrara en í sjoppum, þetta er þjónusta við námsmenn sem margir hverjir eru ekki í vinnu.
- Mætti vera ódýrara.
- Mætti vera ódýrari matur
- Of dýrt
- Skammtarnir mættu vera stærri eða bjóða upp á ábót. Verðið mætti vera lægra
- Áfyllingar ættu annaðhvort að vera bannaðar fyrir alla eða leyfðar fyrir alla, það ætti ekki að vera happa glappa hvort þú fái áfyllingu eða ekki þegar maturinn kostar 1050 krónur fyrir nemendur.
- T.d vera aðeins ódýrara. Að kaupa kókómjólk á 250 kr er svolítið dýrt.
- Verð fyrir hádegismat alltof dýrt miðað við skammta
- Verðlagið er of hátt bæði fyrir heitan mat og aðrar vörur sem seldar eru í mötuneytinu.
- Dýrari en í HÍ. Ég hef einu sinni þurft að kaupa mér að borða þarna og geri það ekki aftur. Fer frekar í 10-11.
- Það má lækka verðið hjá þeim, þá mundu fleiri koma
- Það mætti vera ódýrari matur, verðið þarna er bara rugl.
- mötuneytið er eins og 10-11 ógeðslega dýrt...
- Það þarf að lækka verð og hafa hádegismatinn betri, þ.e. ekki frábrugðnum öðrum hádegismat, heldur góðan, gæðamikinn og ódýran mat.
- Þetta er allt of dýrt jesuuus !!!
- Maturinn er ofsalega dýr.
- Ég myndi gjarnan vilja sjá hvert hagnaður af mötuneyti fer. Aftur á móti finnst mér mjög flott að bjóða upp á hafragraut á morgnanna, vonandi fer hagnaðurinn þá bara í grautinn, þar sem hann er hollur og góður :)

- **Viðmót**

- Það er ekki smekklegt að afgreiða ostaslaufur o.þ.h. með því að taka það upp með höndunum (ekki í hönskum) og rétta viðskiptavininum
- Flestar eru mjög almennilegar, en það eru sumir svolítið pirraðir en reyna örugglega sitt besta
- Fólkið langar ekki að hjálpa þegar maður biður um.
- Konurnar mættu vera miklu glaðari. Mér líður eins og konurnar vilja ekki afgreiða okkur eða bara nenna ekki að vinna þarna.
- Mér finnst konurnar sem vinna í mötuneytinu oft fúllyndar og ópersónulegar. Ég reyni að komast hjá því að versla í mötuneytinu því að þar er lítið úrval, og það litla sem þar er til er verðlagt allt of hátt.
- Mér finnst maturinn dýr í mötuneyti skólans og viðmótið hjá starfsmönnum er ekki til fyrirmyndar. Bros kostar ekkert.
- Mættu vera kurteisari.
- Nemendur þurfa að læra að bera virðingu fyrir þeim sem vinna í mötuneytinu, það er leiðinlegt að sjá hvernig sumir nemendur tala við þær og hamast á bjöllunni. Finnst oft erfitt að lesa verðlista og það er asnalegt að geta ekki séð matseðilinn fyrir vikuna, hvað þá fyrir daginn almennilega.
- Starfsfólk mætti vera vingjarnlegra.
- Starfsfólk mætti fylgjast betur með, maður hefur þurft að bíða eftir afgreiðslu bara af því að maður kom ekki á þeim tíma sem mikið er að gera og þá er eins og þær búist ekki við neinum og eru allar á bakvið að spjalla saman
- Starfsfólkið mætti vera almennilegra við nemendur!
- Þær eru oftar en ekki í fýlu eða með einhver leiðindi við nemendur.
- Þær geta sleppt því að vera svona pirraðar
- Þær sem vinna þar mættu vera kurteisari
- Eitt sem mætti laga og það er að starfsfólk mötuneytisins sé EKKI sjáanlegt þegar það fer út að reykja. Og sé ekki með svuntuna á sér og í inniskónum.
- Öll þjónusta á vegum skólans er til fyrirmyndar og hefur alltaf verið! Eina sem mætti bæta er mötuneytið og framboð matar þar. Starfsfólkið (í mötuneytinu) hefur furðulegt viðmót til nemanda og líta frekar á að þau séu að gera okkur greiða en ekki að við séum viðskiptavinir og fólk sem ber að koma vel fram við.

- **Opnunartími**

- Finnst mötuneytið loka of snemma. Ef maður er í tíma til 14.50 eða 15.00 þá nær maður ekki að kaupa sér að borða í mötuneytinu eftir skóla. Finnst þetta vera slæmt því oft sitja nemendur lengur í skólanum til þess að læra og þá læðist hungrið að manni. Ekki er hægt að fara út úr skólanum til að kaupa sér að borða og koma aftur í skólann því skólinn læsist og þá er engin leið inn aftur. Ef maður ætlar að sitja lengur og læra þá verður maður að koma með nesti, sem er ekki svo auðvelt þar sem ískápurinn er ekki alltaf fullur af mat.
- Frían hafragraut til 10!
- Hafa lengur opið
- Lengri opnunartíma t.d til 16


- Má vera opið aðeins lengur, til að mynda á miðvikudögum þegar um það bil 32 nemendur eru í leiklist til 5 á daginn.
- Mér finnst svolítið skrítið að mötuneytið loki kl. 3 flesta daga þegar margir eru í skólanum til 4 og ef maður fer á milli seinustu tímanna 14:50-14:55 er oft búið að loka
- Það væri líka gott að opna fyrr svo að nemendur hafi nægan tíma til að borða hafragraut áður en þeir fara í tíma.
- **Heilsa og umhverfi**
  - Glasafasismi umhverfisráðs er það nýjasta - kaffi sprengir ekki glös, hafið þið t.d. athugað á hvaða hita þau eru keyrð í gegnum uppþvottavélina? Svo held ég að þessar glasareglur eigi eftir að hafa þau áhrif að færra fólk á eftir að drekka vatn, sem er ekki gott. Því að vatnsvélin í mötuneytinu er frábær, þó að það mætti renna yfir hana með bursta. Kaffivélin frá Ölgerðinni er handónýt og kaffið bragðast eins og sokkur. Ég gef starfsstúlkunum prik fyrir að bjóða upp á uppáhellt. Svo mætti endilega athuga gæði hádegismats og fá salatbarinn til baka.
  - Grænmetisrétturinn sem ég smakkaði fyrsta daginn í skólanum var varla réttur en ég hef ekki farið í mötuneytið síðan svo ég get ekki sagt til um hvort það hafi verið einsdæmi eða hafi breyst.
  - Það ætti einnig að vera tekið fram hvað er vegan í lífræna sjálfsalanum á steypunni, maður getur ekki lesið innihaldslýsingarnar á því sem maður kaupir þar fyrr en eftirá, svo þær mættu vera á e-tjum límmiða fyrir framan vöruna.
  - Grænmetisfæði mætti vera tekið upp aftur eins og var á síðustu vorönn. Fjarvera þess gerir sumum nemendum ókleift að nýta sér mötuneytið.
  - Já halda áfram með heilsumatinn og fa kokk aftur eins og var áður, þa var mun betri matur. Hvað er svo að gerast með að það sé komið gos aftur?!
  - Mér hefur fundist maturinn ágætur oftast en hreinlæti í matsal er mjög ábótavant.
- **Annað**
  - Væri frábært ef að það væri hægt að kaupa kaffikort. Röðin er oft löng og eru flestir að kaupa sér hádegismat, myndi stytta röðina og gera kaffi-fólkinu mikinn greiða.
  - Skólinn mætti taka sig til og selja ódýrar vatnsflöskur fyrir okkur sem drekkum ekki kaffi.

## Samgöngur

Könnun á því hvaða samgöngutæki nemendur nota

### Hvernig kemur þú í skólann?


gangandi	24 (9%)	<input type="checkbox"/>
í strætó	67 (24%)	<input type="checkbox"/>
hjólandi	12 (4%)	<input type="checkbox"/>
á mótórhjóli / vespu	1 (0%)	<input type="checkbox"/>
sjálf(ur) á bíl	125 (44%)	<input type="checkbox"/>
fær far með öðrum	33 (12%)	<input type="checkbox"/>
annað	19 (7%)	<input type="checkbox"/>



- Annað hvort hjólandi eða gangandi
- Annaðhvort í strætó eða á einkabíl
- bæði á bíl og gangandi
- Ég kem með strætó, annars fótgangandi þegar ÍPR-131 er í gangi.
- Er með aðgang að bílastæði en geng reglulega
- Fer oftast gangandi, en stundum þarf ég að taka strætó.
- Gangandi eða á bíl
- gangandi, hjólandi, fær far með öðrum.
- í fjarnámi
- Misjafnt.
- mismunandi
- rúttunni
- strætó, sjálf á bíl, far með öðrum.
- stundum á bíl, stundum í strætó
- ýmist gangandi, hjólandi eða á bíl

### Ertu sátt(ur) við úthlutunarreglu skólans á bílastæðum og verði?

já            nei            á ekki við  
95 (34%) 78 (28%) 105 (38%)  
                       



### Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Alls bárust 46 svör og sumir gerðu athugasemdir við fleiri atriði.

- **Of dýr bílastæði**

- Að þurfa borga 6-8000 fyrir bílastæði er ömurlegt. 1500 væri KANNSKI sanngjarnt en annars ætti bílastæði við skólann að vera sjálfsagt mál - eins og í öllum öðrum skólum landsins.
- Alltof dýrt að kaupa stæði hjá ykkur í Fölbrautaskóla Ármúla!!!
- Alltof dýrt verð fyrir bílastæði sem eru ekki sköfuð á veturnar.
- Ég hef stundað nám í öðrum framhaldsskólum og ekki þurfti ég að borga fyrir að fá að leggja við bílastæði skólans=ókostur. Við búum á Íslandi ég er ekki að fara labba frá Laugardalnum til þess að sækja skólann minn
- Enginn annar skóli rukkar nemendur fyrir bílastæði.
- Finnst bílastæði of dýr.
- Mér finnst að bílastæði ekki að kosta þar sem skólagjöld eru nógu há fyrir þó að maður bæti nú ekki við bílastæðakorti. Í öllum öðrum framhaldsskólum (svo að ég viti) kostar ekki að fá að leggja við skólann sinn. Ég kem örsjaldan á bíl útaf því að ég tími ekki að kaupa mér bílastæðakort og það er varla mögulegt að finna stæði hjá skólanum.
- Mér finnst að bílastæðin mættu vera aðeins ódýrari. Ég ákvað að kaupa ekki bílastæði þessa önnina
- Mér finnst að það ætti ekki að vera hlið!

- Mér finnst bílastæðin eigi að vera ódýrari. Mér finnst rándýrt að hafa þetta verð á einni önn. Allt í lagi ef þetta væri kannski á 1000-2000 á önn.
- Mér finnst þetta fáránleg verðsetning á bílastæðum skólans, ekki bara verðið sjálf heldur líka að það sé yfir höfuð til staðar, ég veit ekki af öðrum dæmum af svona í öðrum framhaldsskólum. Það er alltaf fullt af lausum stæðum fyrir aftan skóla við hliðina á suðurálmunni á meðan bílastæði í kringum skólann eru yfirfull og verslunareigendur að ganga á göflunum vegna bannsettum framhaldsskólanemum sem leggja í stæði hjá þeim. Mér hefur ekki hugnast að kaupa mér bílastæðapassa þar sem ég kem ekki á bíl í skólann alla daga, en ég myndi kannski endurskoða það ef verðið væri lægra.
- Mér finnst alltof dýrt inná bílastæðin. Ég borgaði mig inn því eg er með 3 börn sem eg þarf að fara með á leikskóla og hef ekki tíma til að leita að bílastæðum. Ég yrði sáttari ef upphæðin væri alls 5.000 í stað 7.500.
- Mætti vera 4000 kr. á önn
- Frjáls bílastæði fyrir nemundur og þau fái kort til að komast inná stæðið því það eru ekki allir sem eiga efni á því að borga bílastæði og lenda í vandræðum að fá stæði utan skólans
- Of dýrt að borga 9000 fyrir eitt bílastæði!
- Sátt við að borga fyrir að leggja bílnum við skólann en aðeins of dýrt :)
- Þetta er brjálæðislega dýrt, enginn skóli rukkar fyrir bílastæði!! Hvorki FB né Tækniskólinn til dæmis.
- **Meira um samgöngur**
  - Þeir sem fá far með öðrum sem ekki ganga í skólann ættu að fá að komast að inngangnum. Stundum er vont veður og einnig myndast teppa á götunni þegar margir eru að stoppa fyrir utan FÁ að hleypa e-rjum út. Þetta myndi lagast og slysaþættan líka ef nemendur sem fá skutl fengju að komast inn á lóðina en væru ekki að hoppa úr bílnum úti á götu á þeim tíma sem allir eru að keyra í vinnuna.
  - Það eru ekki beinar samgöngur úr hverfi 104 í skólann. Það þarf alltaf að fara á millistoppistöð sem gerir það að verkum að það tekur alltof langann tíma að taka strætó.
- **Umgengni og aðstaða**
  - Á stéttinni eru krakkar á einu borði og það er alveg eins og svínastía. Vil að skólameistarinn fer þangað á meðan krakkarir eru þarna og gefur þeim góða lexíu.
  - Og jaa ég er ein af þeim manneskjum sem sitja á rauðagólfinu við hliðina á stiganum niður í matsal. Þetta er þriðja önnin mín og þegar eg var að byrja voru þar 6 borð, svo allt í einu voru bara 3 og það var sagt útaf því að við gengum ekki frá eftir okkur. Svo vorum við komin með 2 og hálf og svo kom strákur og brenndi borðið og okkur var kennt um það. Og nuna erum við með 1 og hálf og nýnemarnir sem sitja vinstra megin við innganginn eru verri. Okei við gengum ekki alltaf frá en þau eru svo 1000 sinnum verri og það er ekki enn búið að taka þeirra borð. Við erum oft 10 krakkar að reyna sitja við borðin a rauðateppinu. Mér finnst þetta mjooog mikið svindl og þetta ætti að laga !!



- Svo þarf að ráða barnapíu fyrir krakkana á steypunni við gluggan, þetta er gengið of langt hvernig þau hegða sér og umgangast aðstöðurnar. Sama gildir um nemendaráð, hver er tilgangurinn að hafa nemendaráð sem skipuleggur ekkert fyrir nemendur og gerir ekkert nema að rusla til og hangsa inni á skrifstofunni?
- Það vantar fleiri aðstöður til situ og hvíldar í skólanum, til dæmis sófar þar sem nemendur gætu lesið eða einhvers konar stóla þægilegri en þá sem eru í boði, það munar um mikið að fá smá hvíld þegar maður er líka í vinnu til miðnættis eftir skóla.
- **Munntóbak**
  - Finnst kjánalegt að nemendur eldri en 18 ára meiga ekki vera með í vör í tímum, líka þessi heimiska auglysing um \"settu hvað sem er uppí þig?\" Get lofað ykkur því að manneskja sem tekur neftóbak í vör og sem er í ræktinni, borðar ekki sykur og er að styrkja sinn innri og ytri líkama er með miklu betri heilsu en fólkið sem labbar út á reykingarsvæðið með kókdós í hendi eða almennt fólk sem borðar sykur alla daga.
  - Mættum vera harðari við alla í sambandi við munntóbaksnotkun. Mér finnst mjög lítið gert í sambandi við þetta.
- **Setrið**
  - Aðstoð í Setrinu er oft til staðar þegar maður er í tíma sem hentar því illa.
  - Vantar betri merkingu fyrir námsverið hvaða kennari er að aðstoða á opna tímanum, þannig að maður geti gengið að vísu að geta fengið hjálp í því fagi, ekki alltaf hægt að bíða upp á von og óvon hvort afbragðs nemandi komi og verði til staðar.
- **Skólareglur**
  - Finnst töluvert megi bæta varðandi veikindaleyfi og fjarvistir.
  - Þegar maður er veikur kannski í 3 daga þá er maður bara sendur til skólastjórans. Og svo er mætingataflan enn meiri martröð. Gerið þetta að skóla fyrir alla og hafið allt skilvirkt, einfalt og augljóst, ekki falið, bæði skólakerfið og stafræna skólakerfið.
  - Einnig finnst mér mætingareglur skólans fátallegar. Skv. aðalnámskrá framhaldsskóla má heldur ekki gefa einkunn fyrir mætingu þar sem veikindi eða óhjákvæmilegar aðstæður lækka einkunnina, en þið í FÁ brjótið þessar reglur, bæði þegar þið gefið almenna mætingareinkunn þar sem fyrstu tveir dagar allra veikinda lækka einkunnina og svo er stórlega brotið á henni innan sumra áfanga þar sem veikindin lækka mann niður og margfaldast þar að auki - þar sem einkunnin 8 er gefin fyrir 95% mætingu t.d., sem gæti stafað af þremur veikindadögum eða svo. Þetta er mjög letjandi fyrir metnaðargjarna nemendur sem eiga við e-r veikindi að stríða eða fá oft gangangi pestir. Einnig hvetur þetta fólk til að mæta veikt í skólann og þá smita aðra, sem setur fólk bæði í hættu og virkar eins og dómínóspil á mætingu allra.
  - Það er mjög misjafnt hvað kennarar gera hvað varðar sjúkrapróf, sumir vilja alls ekki leyfa það og sumir vilja leyfa það.

- Það þyrfti að breyta skólakerfinu því það er of strangt finnst mér. Ég er með kvíða (ekki náms- eða prófkvíða) og mér gengur illa í náminu. Það eru allar dyr lokaðar innan skólans og þið þyrftuð helst sálfræðinga sem gætu sinnt ákveðnum hóp innan nemenda skólans sem á við vanda að stríða.
- **Annað**
  - Af hverju eru ekki athugasemdardálfar hjá stjórnendum skólans og fjármáladeild?
  - Ég er ekki viss hverjir það eru sem stjórna skólanum og mættu vera sýnilegri.
  - Ég hef aðeins þurft að hitta áfangastjóra og hefur sú þjónusta nýst mér vel. Mér líkar skólameistarinn, hann ber sig vel.
  - Er mjög ánægð í skólanum, finnst kennararnir æði og andinn léttur og góður. Takk fyrir mig.
  - Er virkilega ánægð með þennan skóla og líður vel í honum.
  - Langar að benda á hversu frabærir kennarnir eru sem ég hef lent í. Kem sjálf núna úr frumgreinum í HR. Kennslan í FÁ er mun betri og kennarar sinna sinni vinnu vel og gefa sér góðan tíma til að útskýra fyrir nemendum námsefnið og fara ítarlega í námsefnið á "mannalegu" máli.